

Ársfundur Austurbrúar 2016 í samræmi við 7. gr. skipulagsskrár haldinn á Hótel Framtíð, Djúpavogi, miðvikudaginn 11. maí 2016 kl. 15.25.

Dagskrá:

- 1) Skýrsla stjórnar.
- 2) Afgreiðsla ársreikninga
- 3) Fjárhags- og starfsáætlun kynnt
- 4) Breytingar á skipulagsskrá (ef við á)
- 5) Staðfesting á breytingum á innri reglum Austurbrúar ses.
- 6) Kosningar
 - a. Kjör stjórnar
 - b. Kjör endurskoðenda
 - c. Kjör starfsháttanefndar
 - d. Kjör siðanefndar
- 7) Ákvörðun um þóknun stjórnar
- 8) Önnur mál

Gunnar Jónsson, stjórnarformaður Austurbrúar setti fundinn og bauð gesti velkomna. Hann lagði til að **Hilmar Gunnlaugsson** yrði fundarstjóri og **Björg Björnsdóttir** fundarritari og var það samþykkt. Alls voru um 30 fundargestir, þar af 26 atkvæðisbærir fulltrúar². Fundarstjóri úrskurðaði fundinn lögmætan og kynnti fyrirkomulag hans, þ.e. að þetta væri opinn fundur en ákveðnir aðilar hefðu atkvæðisrétt og því með sérstakt spjald í fundargögnum til að greiða atkvæði. Fundurinn var boðaður með sérstöku bréfi til stofnaðila, á vef Austurbrúar og á vef Austurfréttar auk þess sem auglýsing var birt í Dagskránni. Fundurinn telst löglega boðaður og voru ekki gerðar athugasemdir við boðun hans. Fundurinn fer eftir dagskrá skv. 7. gr. skipulagsskrár Austurbrúar. Að þessu gerðu var gengið til dagskrár.

1. GJ kynnti skýrslu stjórnar.
„Ágætu ársfundargestir,
Ánægjulegt að vera hér samankomin á Djúpavogi í fallegu veðri til að halda ársfund stofnunarinnar.

² Atkvæðisbærir fulltrúar á fundinum: Borgarfjarðarhreppur, Breiðdalshreppur, Byggðastofnun, Djúpavogshreppur, Ferðamálasamtök Austurlands, Ferðamálastofa, Fjarðabyggð, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Handverks- og hússtjórnarskólinn á Hallormsstað, Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands, Háskólinn á Bifröst, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Hólaskóli – Háskólinn á Hólum, Íslandsstofa, Landbúnaðarháskóli Íslands, Menntaskólinn á Egilsstöðum, Náttúrustofa Austurlands, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Samtök atvinnulífsins, Seyðisfjarðarkaupstaður, Skógrækt ríkisins, Útvegsmannafélag Austurlands, Verkmenntaskóli Austurlands, Vopnafjarðarhreppur.



Helsta verkefni stjórnar frá síðasta ársfundi er með réttu hægt að segja að hafi litið að því að treysta fjárhagslegan grundvöll Austurbrúar ásamt því að leita tækifæra til að viðhalda stöðu stofnunarinnar og sækja fram.

Í því sambandi hefur verið leitað tækifæra til að efla samstarf við Bygðastofnun og Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Eru þau verkefni á byrjunarstigi en vænst að það náist sameiginleg sýn á mikilvægi þess að verkefni hafi forgang í þróun atvinnuvega- og nýsköpunar. Hefur verið litið til þess að stofnunin fái stöðu liðsauki annað hvort með starfsmönnum sem lagðir eru til beint af þessum stofnunum og vinni við hlið annarra starfsmanna Austurbrúar eða veittir verði beint fjármunir til ráðningar starfsmanna.

Ber að geta sérstaklega "flugvallarverkefnisins" sem margir aðilar hafa komið að með myndarlegum hætti og sýnir það vel í verki hvernig samstaða og skilningur á hlutverki stofnunarinnar getur orðið að árangursríkri niðurstöðu. Þó svo verkefnið nái ekki í byrjun að uppfylla björtustu vonir aðila þá er það bjárföst trú stjórnar að beint millilandaflug um Egilsstaðaflugvöll sé komið til að vera og eigi eftir að þróast og eflast. Skynsamlegar ráðstafanir til að aðlaga verkefnið að aðstæðum er betur til þess fallnar að skila árangri en að taka ekki tillit til raunveruleikans. Um er að ræða langhlaup sem leggja á af stað með sýn á endamarkið þó svo um maraþonhlaup sé að ræða.

Stofnunin hefur náð að rækja skyldur sínar og hefur flestum verkefnum verið sinnt með góðum árangri og má þar telja til verkefni eins og stjóriðjuskóla, FabLab, sjálfbærni-verkefni, álvísindagarðinn, ofl. ofl.

Ársreikningur Austurbrúar fyrir árið 2015 sýnir liðlega 19 milljóna kr. hagnað. Því ber að fagna sérstaklega en það er í fyrsta skipti sem stofnunin sýnir hagnað frá stofnun hennar árið 2012. Fékkst á árinu 2015 sérstakt framlag á fjárlögum ríkisins til fjárhagslegrar endurreisnar sem nam 30 milljónum kr. og næst að rétta af neikvætt eigið fé sem nemur 19 milljónum kr.

Þó síðast starfsár hafi verið árangursríkt og verulegum árangri hafi verið náð í starfsemi stofnunar hvað varðar fjárhag hennar verður ekki framhjá því litið að sá árangur er byggður á gríðarlega miklu aðhaldi og aðgæslu við



nýtingu hvernar vinnustundar og krónu þannig að útgjaldaliðir sé innan settra marka og tekjur dugi.


Hefur stofnunin aðlagð sig að erfiðri fjárhagslegri stöðu með skynsamlegri nálgun á hámarksnýtingu fjármagns sem er mjög mikilvægt. Stjórn setti þau markmið og þá reglu að verkefni skili framlegð og fyrirfram þurfi að tryggja nýjum verkefnum fjármagn áður en hafist er handa. Er það gert með því að fjármagn ákvarðar tímamagn sem veitt er í hvert verkefni og tímar starfsmanna verðlagðir þannig að þeir standi undir kostnaði. Slík varúðarsjónarmið eigi við að öllu jöfnu og ekki síst þegar ekkert er uppá að hlaupa. Hinsvegar gerir það stofnunina e.t.v. útávið þunglamalega, að dregist getur að hefja verkefni fyrir en búið er að girða bæði með belti og axlaböndum.

Föstum verkefnum stofnunar eru sinnt með sama hætti, það er að tímamagn sem lagt er í verkefni byggir á því fjármagni sem þeim fylgir. Í mörgum verkefnum hafa framlög eða samningsbundnar greiðslur staðið í stað um langan tíma þrátt fyrir að verðlag og launakostnaður hafi hækkað verulega. Þetta leiðir til þess að mörg verkefni hafa að umfangi dregist verulega saman, eru unnin hægar og afurð þeirra takmörkuð.

Það verður vart fenginn út 200 kall ef lagður er inn 100 kall nema vera gæti í aflandsfélagabrélti.

Í ársreikningi stofnunar nemur neikvætt eigið fé 66 milljónum kr. í lok ársins 2015. Stofnunin stendur frammi fyrir því verkefni að vinna það niður og búa til það mikið eigið fé að stofnunin geti með góðu móti starfað og haft nauðsynlegt svigrúm. Verður því að huga að eðlilegu svigrúmi sem skapa þurfi stofnuninni. Hafa ber í huga að eiginfjárvandi stofnunar hefur orðið til vegna margra þátta sem að axla verður ábyrgð á. Í því skyni að greina hvar vandinn lá var á síðast ári unnið að því að greina tekjugrunn verkefna og í mörgum tilfellum var varið vinnu langt umfram tekjur. Stjórn mat hvert verkefni sérstaklega við fjárhagsáætlunargerð 2016 og lagði áherslur í því að fjármagn yrði að duga fyrir verkefnum og þau gætu ekki skapað halla. Á árinu 2016 kemur svo í ljós hvernig gengur að stilla af kostnað einstakra verkefna miðað við tekjur.

Hefur á síðasta ári verið unnið m.a. að tveimur þáttum sem getið er hér sérstaklega.



Annar er sá að fá viðurkennt af hálfu ráðuneytis mennta- og menningarmála að stofnuninni hafi frá upphafi ekki verið úthlutað því fé sem nauðsynlegt er til að standa undir samningsbundnum skyldum. Ekki er fyrirséð hver árangur þeirrar vegferðar verður. Þó ríkir bjartsýni um að framlög þau sem komið hafa sérstaklega á fjárlögum verði fastir liðir í framlögum ráðuneytisins til starfseminnar.

Að skila ákveðinni lágmarksframlögð úr sérhverju verkefni í því skyni sem nýtt er til að vinna niður neikvætt eiginfé stofnunar og byggja upp eiginfjárgrunn er langtímaverkefni sem kallar á þolgæði og vilja. Það er þó vel mögulegt með árangursríkum stjórnarháttum og góðri samstöðum og skilningi þeirra sem stofnunin þjónar.

Fátt má breyta eins og áföll vegna starfsmannamála s.d. langtímaveikindi starfsmanna, tekjufall eða dráttur á samningsbundnum greiðslum. Þá er mikil spurning um hvort hægt sé að ætla starfsmönnum að vinna undir álagi til lengri tíma til þess að þeir skili árangursríku starfi. Að gera kröfur um frumkvæði og sköpunarkraft á sama tíma og liggja þurfa yfir sparnaði er nokkuð flókið verkefni að samhæfa.

Mikilvægt er því eigendum að huga að því hvort ekki sé eðlilegra að viðurkenna eiginfjárvanda stofnunar og henni sé lagt til aukið eigið fé fremur en hún þurfi næstu ár að byggja upp jákvæðan eiginfjárgrunn sem getur tekið hana verulegan tíma og bundið afl starfsmanna í varnarstöðu fremur en sókn.

Verður ekki litið framhjá þeirri staðreynd að við stofnun Austurbrúar var henni ekki lagt til nýtt fé og byggði stofnefnahagur hennar á því sem forverar hennar lögðu henni til. Það voru ekki digrir sjóðir fyrir nýja stofnun að byggja starfsemi sína á. Sér í lagi þar sem fyrir lá að eftir var að sameina ólíkar stofnanir, marka stofnuninni framtíð og skipuleggja hana frá grunni.

Hafa ber í huga að sveitarfélögin ein eigenda hafa þegar varið auknu fjármagni til stofnunarinnar með auknu framlagi til atvinnuþróunarsjóðs á árinu 2014 og síðan á árunum 2016 2017 og 2018. Að því gefnu að framlag fáiast og stofnunin nái að skila áætlaðri jákvæðri afkomu á hverju ári verður eigin fé stofnunar ekki orðið jákvætt fyrr en eftir 2020. Það er verulega til umhugsunar og verður að horfa til þess að stofnunin er rekin á



hámarksnýtingu og framlegð sem er viðkvæm fyrir ytri skilyrðum og áföllum.

Hvort aðrir eigendur eigi ekki að gera slíkt hið sama í einhverri þeirri mynd sem sveitarfélögin gerðu er áleitin spurning en markast vissulega af getu. Aðalfundur stofnunarinnar er vettvangur til að ræða þau mál.

Framtíðin er full tækifæra og þar eru mörg mikilvæg verkefni sem samfélagið hefur mikinn hag af. Samstarf og eining um tilgang og starfsemi stofnunarinnar verður að vera sameiginlegt með þeim aðilum sem hag af hafa. Þeirri sýn þurfa aðilar að deila en ekki verður hægt að líta framhjá því að misjöfnum augum lýtur hver verkefnið.

Rétt er að minnast stofnfundar Austurbrúar á árinu 2012 og þess eindræga vilja sem eigendur lögðu upp með að til yrði öflug stofnun sem byggði en frekar undir undirstöður samfélagsins. Stofnunin hefði afl til að sækja fram og vera skapandi á vettvangi mennta-, menningar- og atvinnuþróunarmála svo eitthvað sé nefnt. Hún væri aðgengileg og veitti þjónustu á breiðum grunni til viðskiptavina sinna með dreifsetningu.

Þessu markmiði eigum við ekki að kvika frá og það þekkjum við austfirðingar að samhentir vinnum við vel saman og getum áorkað ótrúlegum hlutum sem aðrir líta upp til okkar með. Starfsemi Austurbrúar er eitt þeirra verkefna sem við skulum standa sameinuð að þannig að okkur verði til sóma fremur en að standa hjá sem áhorfendur, hvað þá deila um.

Hagsmunir okkar allra liggja í styrkingu samfélagsins á Austurlandi í heild.

Ég vil í lokin þakka stjórnarmönnum fyrir einstaklega gott samstarf um þau verkefni sem hafa borist á borð stjórnar.

Þá vil ég þakka framkvæmdastjóra sérstaklega fyrir ósérhlífni og gott samstarf við að gera stofnunina en betri sem og hennar dugmikla samstarfsfólki sem staðið hefur af ábyrgð vaktina.”

Fundarstjóri greindi frá því að umræða um skýrslu stjórnar yrði tekin eftir kynningu ársreikninga.



2. Næst á dagskrá var kynning ársreikninga, **Sigurjón Arnarson** frá KPMG (í fjarveru Magnúsar Jónssonar) fór yfir þá. Vinna KPMG er í samræmi við endurskoðunarstaðla. Áritun KPMG er fyrirvaralaus. Hins vegar er gerð ábending um fjárhagsstöðu stofnunarinnar í árslok 2015. Hætta er talin á að stofnunin geti ekki staðið við skuldbindingar sínar komi ekki til ytri fjármögnun. Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 19,1 milljónir króna, eigið fé er neikvætt um 66,1 milljón króna. Heildarskuldir í árslok námu samtals 124,5 milljónum króna, þar af eru 91,2 milljónir til greiðslu á árinu 2016. Veltufé frá rekstri er neikvætt sem nemur 23,5 milljónum króna.

Að öðru leyti lá reikningurinn fyrir til umræðu og samþykktar eftir atvikum.

Rekstrarreikningur 2015:

Rekstrarreikningur ársins 2015

	Skýr.	2015	2014
Rekstrartekjur:			
Framlög	4	144.406.823	196.707.767
Aðrar tekjur	4	170.550.694	149.173.517
		<u>314.957.517</u>	<u>345.881.284</u>
Rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	5	188.798.398	213.139.111
Úthlutaðir styrkir		0	54.950.000
Annar rekstrarkostnaður		99.625.071	122.942.215
		<u>288.423.469</u>	<u>391.031.326</u>
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) án afskrifta og hreinna fjármagnsgjalda		26.534.048	(45.150.042)
Afskriftir	3.7	<u>3.554.290</u>	<u>4.510.868</u>
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		22.979.758	(49.660.910)
Hrein fjármagnsgjöld	6	<u>(3.881.007)</u>	<u>(4.404.517)</u>
Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð)	10	<u>19.098.751</u>	<u>(54.065.427)</u>



Eigið fé og skuldir:

31. desember 2015

Eigið fé og skuldir			
	Skýr.	2015	2014
Eigið fé:			
Stofnfé		1.600.000	1.600.000
Ojafnað eigið fé	10	(67.682.698)	(86.781.450)
		<u>10</u>	<u>(85.181.450)</u>
Skuldbindingar:			
Skuldbinding vegna Vaxtasamnings Austurlands		7.103.095	17.728.095
Langtímaskuldir:			
Skuldbrefalaen	11	26.179.490	5.386.602
Skammtímaskuldir:			
Skuldir við lánaðstofnanir		0	29.599.279
Vilðskipteskuldir		19.567.260	26.130.614
Ógreidd úthlutað framlög		10.776.595	17.725.000
Næsta árs afborganir langtímaskulda	11	10.046.584	1.555.130
Fyrirframminnheimtar tekjur vegna verkefna		12.024.187	7.038.799
Aðrar skammtímaskuldir		38.833.122	32.343.332
		<u>91.247.748</u>	<u>114.392.154</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>124.530.333</u>	<u>137.506.851</u>

Sjóðstreymisfirlit:

Sjóðstreymisfirlit 2015

	Skýr.	2015	2014
Rekstrarhreyfingar:			
Rekstrarnúurstæða (neikvæð) ársins	10	19.098.751	(64.065.427)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	3.554.290	4.510.868
Verðbætur og gengismunur skulda		800.365	583.061
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna		0	(13.709.530)
Veltufé frá (til) rekstrar		<u>23.453.406</u>	<u>(62.711.028)</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Vörubirgðir, lækkun		1.168.246	212.160
Skammtímaskuldir, (hækkun) lækkun		(5.975.284)	15.108.426
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(2.036.581)	28.226.007
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>(6.843.619)</u>	<u>43.546.593</u>
Handbært fé frá (til) rekstrar		<u>16.609.787</u>	<u>(19.164.435)</u>
Fjárfestingarhreyfingar:			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	7	(194.699)	(1.858.966)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		0	20.000.000
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(194.699)</u>	<u>18.141.034</u>
Fjármögnunarhreyfingar:			
Tekin ný lán		30.000.000	0
Skuldir við lánaðstofnanir, breyting		(29.599.279)	15.387.589
Skuldbindingar vegna Vaxtasamnings, breyting		(10.625.000)	(5.289.995)
Afborganir langtímalána		(1.516.023)	(1.933.809)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(11.740.302)</u>	<u>8.163.785</u>
Hækkun á handbæru fé		4.674.787	7.140.384
Handbært fé í upphafi árs		7.188.199	47.815
Handbært fé í árslok		<u>11.862.986</u>	<u>7.188.199</u>

HG opnaði fyrir umræðu um skýrslu stjórnar og ársreikning. **Andrés Skúlason** spurði um hvernig tekjur vegna Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands og samnings um sóknaráætlun væru færðar. **Björg Björnsdóttir** spurði sömuleiðis um tekjur samnings um sóknaráætlun til samanburðar við tekjur vegna menningarsamnings, en einnig um skuldbindingu vegna Vaxtarsamnings Austurlands.

Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar var til svara og sagði skuldbindingu vegna vaxtarsamnings vera óútgreidda úthlutaða styrki. Hún fór því næst yfir framlög sveitarfélaganna og hvernig þau skiptast niður á málaflokka. Hluti fjármuna, m.a. vegna samnings um sóknaráætlunar og vegna menningarsamnings sveitarfélaga á Austurlandi, fer nú í gegnum Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA). Tekjur vegna atvinnuþróunar og markaðsmálum koma einkum til vegna sérverkefna. Tekjur vegna sóknaráætlunar og sjóða eru vegna þjónustusamninga við SSA í tengslum samning um sóknaráætlun og aðrir styrkir úr sjóðum (Eyjahjartarannsóknin). Tekjur frá atvinnulífi eru ekki sérgreindar en má finna undir ýmsum tekjuliðum. Mögulega væri rétta að tilgreina þær sérstaklega.

Að loknum umræðum um ársreikninginn og skýrslu stjórnar var ársreikningurinn borinn undir samþykki fundarins. Ársreikningurinn var samþykktur mótatkvæðalaust.

3. JÁÞ fór yfir fjárhags- og starfsáætlun ársins 2015. Mikilvægur áfangi hefur náðst í vegferð síðustu tveggja ára með jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Verið erfitt ferli en nauðsynlegt. Ný verkefni eru farin að berast en það er ákveðinn vandi því tengdur, árið 2014 voru 27 stöðugildi hjá Austurbrú en núna eru þau 18. Þetta stendur framþróun fyrir þrífum. Meðal þeirra nýju verkefna sem nú er unnið að eru fræðsluáætlanir fyrir fyrirtæki, betri tenging atvinnulífs og frumkvöðla við starfsmann Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands á Austurlandi, tölfræðiverkefnið „Hagvísar Austurlands“, o.s.frv. Forsendur fjárhagsáætlunar eru að verkefni standi undir sér. Nýir kjarasamningar hafa áhrif á svigrúm til ráðninga. Annar stærsti kostnaðarliðurinn í starfsemi Austurbrúar, á eftir launakostnaði, er húsnæðiskostnaður. Það er óhjákvæmilegur fylgifiskur dreifsetningar. Gert ráð fyrir að hægt verði að skila 7,5 milljónum inn á eigið fé sem þýðir að það mun taka nokkur ár að ná niður neikvæðri eiginfjárstöðu ef ekki kemur annað til. Unnið er eftir ítarlegri innleiðingaráætlun frá 2014, vel flestum verkþáttum er lokið. Leitað er til Austurbrúar í auknum mæli, en brýnt er að



Þetta raðirnar og léttu álagi á starfsmenn svo rekstur stofnunarinnar geti verið sjálfbær. Það verður ekki gert nema með auknum stuðningi stofnaðila.

4. Breytingar á skipulagsskrá (ef við á). **Skúli Björn Gunnarsson**, formaður starfsháttanefndar Austurbrúar kynnti tvær tillögur frá sveitarfélögum um breytingar á skipulagsskrá. Hann rifjaði sömuleiðis upp bráðabirgðaákvæði frá árinu 2014 um að fækka ætti stjórnarmönnum úr sjö í fimm árið 2016.

Lagt er til að fyrsta málsgrein 8. gr. breytist svo:

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm aðalmönnum og tveimur til vara. Skulu þrjú þeirra koma af vettvangi sveitarstjórnarmála en tveir af vettvangi atvinnulífs, menntunar og menningar. Stjórn skiptir með sér verkum.

Lagt er til að fyrsta málsgrein 8. gr. breytist svo:

Starfsháttanefnd leggur fyrir ársfund tillögu til stjórnarkjörs. Skal hún leita eftir tilnefningum til Sambands sveitarfélaga á Austurlandi varðandi tilnefningu þriggja fulltrúa af vettvangi sveitarstjórnarmála og eins til vara, og til stofn- og hagsmunaaðila varðandi tilnefningu tveggja fulltrúa og eins til vara. Stjórn er kosin til eins árs í senn.

Enginn tók til máls um tillögurnar sem bornar voru undir atkvæði. 2/3 stofnaðila þurfa að samþykkja breytingar á skipulagsskrá. Fyrri tillagan var samþykkt með 23 atkvæðum, sú síðari með 24 atkvæðum. Þá bar fundarstjóri upp skipulagskrána svo breytta og var hún samþykkt samhljóða.

5. Staðfesting á breytingum á innri reglum Austurbrúar. SBG kynnti verklagsreglur fyrir faghóp, fagráð, starfsháttanefnd og verklagsreglur og fundarsköp stjórnar. Þessi staðfesting á breytingum á innri reglum er í samræmi við ákvæði skipulagsskrá.



Samþykkt um verklagsreglur fyrir faghópa verkefna hjá Austurbrú ses.

Um skipan faghópa

Að jafnaði skal miða við að faghópar séu skipaðir vegna stærri tímabundinna verkefna og eftir atvikum langúmaverkefna. Verkefnastjóri viðkomandi verkefnis skal í samráði við framkvæmdastjóra meta þörf fyrir slíkan hóp. Við stofnun faghóps skal verkefnastjóri í samráði við framkvæmdastjóra leita eftir að fá í hópinn þá einstaklinga sem taldir eru nýtast verkefninu vegna þekkingar sinnar og/eða tengslanets. Hægt er að breyta faghóp efni því sem vinna við verkefnið kallar á mismunandi bakland.

Um verksvið faghópa

Faghópur er til ráðgjafar við stefnumörum og áherslur verkefnis og stuðlar að því að árangur náist í verkefni með sem viðtækastri samvinnu fag- og hagsmunaaðila. Hópurinn er verkefnastjóra og framkvæmdastjóra til ráðgjafar um verkefnið en endanleg ákvaðanatáka er í höndum og á ábyrgð Austurbrúar ses. Hlutverk faghóps getur einnig verið að vinna með verkefnastjóra að því að greiða fyrir framgangi verkefnis í samfélaginu.

Um fundi faghópa

Verkefnastjóri skal funda með faghópi verkefnis skv. áætlun viðkomandi verkefnis en aldrei sjaldnar en árlega. Verkefnastjóri og faghópur skal koma sér saman um verklag við fundarboðum og fundarstjóra. Halda skal fundargerðir á fundum með faghópum og geyma tryggilega með öðrum gögnum viðkomandi verkefnis.

Um kostnað við starfsemi faghópa

Að jafnaði skal ekki greitt fyrir vinnu eða ferðakostnað fulltrúa í faghópi. Slíkt þarf þó að meta í hverju verkefni fyrir sig af verkefnisstjóra og framkvæmdastjóra og greiðist kosmaður þá af viðkomandi verkefni skv. áætlun verkefnisins.

Breytingar á starfsreglum um faghópa

Breytingar á verklagsreglum þessum skulu gerðar með samþykki meirihluta stjórnar Austurbrúar ses. og að fenginni umsógn starfsháttanefndar.

Samþykkt á stjórnarfundi Austurbrúar 13. apríl 2016



Samþykkt um verklagsreglur fyrir fagråd Austurbrúar ses.

Um skipan fagråds

Stjórn Austurbrúar ses. er heimilt að skipa í þriggja til sjö manna fagråd til eins árs í senn. Hlutverk fagråds er að vera stjórn til ráðuneytis um stefnumörkun og áherslur í starfsemi stofnunarinnar. Skipan í það á að endurspegla verkefni Austurbrúar og áherslur hverju sinni. Stjórn er heimilt að fjölga í fagråði eða skipa nýja fulltrúa vegna afsagnar ef þörf krefur.

Við val í fagråd getur stjórn haft til hlidsjónar tilnefningar stofnaðila um einstaklinga til stjórnarkjörs. Fyrst og fremst skal stjórn þó velja í fagråd til þess að auka við þekkingu, reynslu og tengsl á þeim sviðum sem stjórn telur mikilvægt hverju sinni.

Um verksvið fagråds

Fagråd stuðlar að því að í Austurbrú verði óflugur samstarfsvettvangur atvinnulífs, menningar, menatunar og stjórnsýslu. Fagråd er stjórn Austurbrúar til ráðuneytis við að móta stefnu og áherslur.

Fagråd skal sýna sjálfstæði við mótun tillagna ef eftir því er leitað en endanleg ákvarðanataka er í höndum stjórnar.

Um fundi fagråds

Stjórn skal funda með fagråði eftir þörfum og eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Framkvæmdastjóri Austurbrúar boðar fundi fagråds og stjórnar Austurbrúar í samráði við formann stjórnar. Heimilt er að boða fagråd til fundar með rafrænum hætti og skal það gert með minnst 7 sólarhringa fyrirvara. Formaður stjórnar Austurbrúar stýrir sameiginlegum fundum stjórnar og fagråds. Jafnframt sér formaður um að fundargerðir séu skipulega færðar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Um kostnað við starfsemi fagråds

Austurbrú greiðir kostnað við ferðir og dvöl fagråðsmanna vegna funda fagråds.

Breytingar á starfsreglum fagråds

Breytingar á verklagsreglum þessum skulu gerðar með samþykki meirihluta stjórnar og að fenginni umsögn starfsháttanefndar Austurbrúar ses.

Samþykkt á stjórnarfundum Austurbrúar 13. apríl 2016



Samþykkt um verklagsreglur fyrir starfsháttanefnd Austurbrúar ses.

Um skipan og hlutverk starfsháttanefndar

Starfsháttanefnd Austurbrúar ses. skal skipuð þremur fulltrúum sem kosnir eru á ársfundi. Hlutverk starfsháttanefndar er að vera umsagnaraðili um innri reglur Austurbrúar ses. og vinna tillögur til ársfundar um kjör í stjórn stofnunarinnar, starfsháttanefnd og síðanefnd, ásamt því að gera tillögu um þóknun stjórnar.

Fulltrúar í starfsháttanefnd geta ekki jafnframt átt sæti í stjórn eða síðanefnd Austurbrúar ses.

Um verkefni starfsháttanefndar

Starfsháttanefnd leggur fyrir ársfund tillögu til stjórnarkjörs. Skal hún leita eftir tilnefningum til Sambands sveitarfélaga á Austurlandi varðandi tilnefningu tveggja fulltrúa af vettvangi sveitarstjórnarmála og eins til vara, og til stofn- og hagsmunaaðila varðandi tilnefningu þriggja fulltrúa og eins til vara.

Starfsháttanefnd er heimilt að leita út fyrir hóp þeirra sem tilnefndir eru við uppstillingu til stjórnarkjörs. Nefndin skal kynna tillögu sína fyrir fulltrúaráði eigi síðar en hálfum mánuði fyrir ársfund samhliða fundarboðun.

Ársfundur getur falið starfsháttanefnd önnur verkefni auk þess sem stjórn getur leitað umsagnar nefndarinnar um þau mál sem hún kys.

Um fundi starfsháttanefndar

Framkvæmdastjóri Austurbrúar boðar til fyrsta fundar starfsháttanefndar. Nefndin velur sér formann sem eftir það boðar til funda og stýrir þeim. Heimilt er að boða fundi með rafrænum hætti og skal það gert með minnst sólarhrings fyrirvara.

Starfsháttanefnd skal funda minnst tvisvar á ári. Af atkvæða ræður afgreiðslu mála á fundum nefndarinnar.

Formaður starfsháttanefndar sér um að fundargerðir séu skipulega færðar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar. Fundargerðir starfsháttanefndar skulu sendar stjórn.


Um kostnað við starfsemi starfsháttanefndar

Austurbrú greiðir kostnað við ferðir nefndarmanna vegna funda en stjórn ákveður þóknun þeirra.

Breytingar á starfsreglum starfsháttanefndar

Breytingar á verklagsreglum þessum skulu gerðar með samþykki meirihluta starfsháttanefndar Austurbrúar ses.

Samþykkt á stjórnarfundi Austurbrúar 13. apríl 2016



Samþykkt

um verklagsreglur og fundarsköp stjórnar Austurbrúar ses (AB)

Almennt

Verklagsreglum þessum er ætlað að tryggja gagnsæi, fagmennsku og lýðræði í starfi stjórnar Austurbrúar (AB).

Stjórn AB skal ávallt gæta þess við skipan eða tilnefningar félagsmanna í nefndir, stjórnir og ráð að samþykktum stofnunarinnar sé fylgt. Jafnframt skal tekið mið af síða- og verklagsreglum AB.

Stjórn AB skal gæta jafnræðis við skipan í nefndir, stjórnir og ráð og skal að öllu jöfnu ekki skipa sama einstakling til setu í fleiri en einni nefnd í einu. Gildir það jafnt um aðal- og varamenn.

Fulltrúar stjórnar AB í nefndum, stjórnunum og ráðum ættu alla jafnan ekki að sitja lengur en tvö tímabil samfellt í sömu nefnd og því aðeins að leg viðkomandi „stofnunar“ kveði svo á um.

Stjórn AB getur sett á lagginnar nefndir um málefni er taka þarf á sérstaklega.

Stjórnarmönnum í AB ber að mæta á alla boðaða fundi stofnunarinnar þ.e. stjórnarfundi og ársfundi. Boða skal forföll tímanlega, svo boða megi varamann.

Stjórnarmönnum í AB ber að vinna með gagnsæi og lýðræði í huga í öllu starfi sínu fyrir stofnunina og skulu gæta meðalhófs í sinni vinnu fyrir hana.

Stjórn AB getur skipt sér í smærri starfshópa um einstök, tímabundin verkefni. Allar ákvarðanir slíkra starfshópa skulu bornar undir formlegan stjórnarfund, þegar vinnu hópsins er lokið og niðurstöður hans eftir atvikum bornar undir atkvæði og færðar í gerðabók AB.

Málefni stjórnarfunda AB eru bundin trúnaði, þegar það á við.

Allir sem starfa fyrir AB í stjórn, nefndum eða ráðum skulu vera þess minnugu að þeir starfa í nafni og umboði stofnunarinnar og skulu fylgja lögum, samþykktum hennar sem og síða- og verklagsreglum AB.



Um skipan stjórnar

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm aðalmönnum og tveimur til vara. Skulu tveir aðalmenn og einn varamaður koma af vettvangi sveitarstjórnarmála en þrjú aðalmenn og einn varamaður skulu koma af vettvangi atvinnulífs, menntunar og menningar, svo sem segið í skipulagskrá stofnunarinnar. Að jafnaði skal miða við að ekki sitji fleiri en einn einstaklingur samtímis í stjórn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi og Austurbrúar tes.

Stjórn skal kölluð saman eigi síðar en 7 dögum eftir ársfund. Fyrsta fundi stýrir aldursforseti stjórnar og á honum skiptir stjórn með sér verkum. Kjósa skal formann og varaformann.

Um störf og verkvið stjórnar

Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram fyrir hönd hennar. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina.

Stjórn hefur forystu um að móta stefnu stofnunarinnar til skemmi og lengri tíma ásamt framkvæmdastjóra, að teknu tilliti til samþykka og áherslumála ársfunda. Stjórn gætur þess að skipulag og starfsemi stofnunarinnar sé jafnan í góðu horfi, upplýsir endurskoðanda, gætur að nægilegt efnirit sé haft með reikningshaldi og meðferð fjármuna stofnunarinnar.

Stjórn Austurbrúar tes. ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur stofnunarinnar og kemur fram fyrir hönd hennar í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn og vinnur samkvæmt ráðningarsamningi og starfslýsingu, skipulagskrá og fyrirætlum stjórnar. Hann ber ábyrgð á fjármálum og reikningshaldi Austurbrúar tes. í umboði stjórnar og stofnaðila og annast ráðningu starfsfólks. Framkvæmdastjóri á rétt á að sitja stjórnar- og ársfundi og hefur þar málfrélsi og tillögurétt nema stjórn ákveði annað í einstökum tilvikum.

Formlegt starf stjórnar skal fara fram á stjórnarfundum. Þegar einstakir stjórnarmenn eiga þess ekki kost að sækja stjórnarfund, er þeim heimilt að taka þátt í fundarstörfum með notkun rafræns miðils, síma eða annars konar fjárfundabúnaðar. Stjórn er heimilt að taka einstök mál til meðferðar og ákvörðunar með rafrænum hætti utan hefðbundins stjórnarfundar, enda krefjist framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður þess ekki að það sé til lykta leitt með hefðbundnum hætti. Í slíkum tilfellum hefur formaður heimild til að boda til skyndifunda(r) með skemmi fyrirvara en verklagsreglurnar kveða á öðru leyti á um, enda sé það mat hans að málefni, sem ræða skal á fundinum þoli ekki bið.

Stjórn stofnunarinnar hefur prókúru og getur veitt framkvæmdastjóra eða öðrum umboði sitt til prókúru. Stjórn ártar ársreikninga ásamt framkvæmdastjóra áður en þeir eru lagðir fyrir ársfund.



Um setu varamanna á stjórnarfundum

Forfallist aðalmaður skal hann fela formanni að boða varamann og skal þá miðað við að sömu hlutföll haldist milli fulltrúa af vettvangi sveitarstjórnarmála og fulltrúa af vettvangi atvinnulífs, menntunar og menningar.

Um skipan fagræðs

Stjórn Austurbrúar ses. er heimilt að skipa í þriggja til sjö manna fagræð til eins árs í senn. Hlutverk fagræðs er að vera stjórn til ráðuneytis um stefnumörkun og áherslur í starfsemi stofnunarinnar. Skipan í það á að endurspeglar verkefni Austurbrúar og áherslur hverju sinni. Stjórn er heimilt að fjölga í fagræði eða skipa nýja fulltrúa vegna afsagnar eþ þörf krefur. Stjórn Austurbrúar ses. skal kalla fagræð til fundar að lágmarki tvisvar á ári. Halda skal fundargerðir um fundi stjórnar og fagræðs.

Við val í fagræð getur stjórn haft til hljóðjónar tilnefningar stofnaðila um einstaklinga til stjórnarkjörs. Fyrst og fremst skal stjórn þó velja í fagræð til þess að auka við þekkingu, reynslu og tengsl á þeim sviðum sem stjórn telur mikilvægt hverju sinni.

Um fundarsköp

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund og stjórnarmenn hafa fengið fundarboði í samræmi við reglur þessar. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála á stjórnarfundum. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tók á að fjalla um málið. Formaður stjórnar, eða framkvæmdastjóri í umboði hans, boðar til stjórnarfunda og skal í fundarboði gera grein fyrir dagskrá fundarins. Heimilt er að boða stjórnarfundum með rafrænum hætti en skal það gert með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara. Fundarboði skal fylgja dagskrá ásamt nauðsynlegum fylgigögnum einstakra mála. Ekki má afgreiða mál á stjórnarfundum sem varða veruleg fjárlát eða aðrar meiriháttar ákvarðanir nema gögn um þau hafi borist með fundarboði.

Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfunda. Sama rétt á framkvæmdastjóri. Halda skal stjórnarfundum a.m.k. fjórum sinnum á ári.

Formaður stýrir stjórnarfundum eða varaformaður í forföllum hans. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu erinda og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd.

Jafnframt sér formaður um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Formaður úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar stjórnar. Formaður sér um að allt fari skipulega og löglega fram á stjórnarfundum og er stjórnarmönnum skylt að lita valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu.



Á dagskrá stjórnarfundar skal taka fyrir:

1. Öll málefni sem falla undir verksvið stjórnar Austurbrúar ses og formaður ákveður að setja á dagskrá. Ozki stjórnarmaður að fá erindi tekið á dagskrá stjórnarfundar skal hann tilkynna það formanni með tillögu a.m.k. 12 tímum fyrir fund. Þó er öllum stjórnarmönnum heimilt að bera upp mál undir höndum önnur mál á stjórnarfundum.
2. Yfirlit frá framkvæmdastjóra um stöðu einstakra mála og kynningu frá öðru starfsfólki vegna starfsáætlana eða einstakra verkefna þegar við á.
3. Starfsáætlanir, fjárhagsáætlanir og rekstraryfirlit.
4. Fundargerðir nefnda sem starfa á vegum Austurbrúar og annarra vinnuhópa þegar við á.

Formaður skal eins oft og þurfa þykir yfirfara með stjórninni og framkvæmdastjóra framsetningu (efni og form) þeirra skriflegu upplýsinga sem stjórnin fær frá framkvæmdastjóra um rekstur og fjárhagsstöðu til að ganga úr skugga um að stjórnin fái þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að hún geti rækt skyldur sínar skv. starfsreglum, samþykktum og skipulagskrá.

Um ritun fundargerða

Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum. Stjórn velur sér fundarritara úr röðum stjórnarmanna eða lykilstarfsmanna ef þörf krefur.

Fundargerðir skal færa rafrænt í tölvu en jafnframt skal bóka í gerðabók stjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð rafrænt. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Fundarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabókina.

Ritari skal senda fundarmönnum rafræna fundargerð strax eftir fund og hafa þeir einn sólarhring til að gera athugasemdir við hana. Þegar athugasemdir stjórnar hafa verið færðar inn þarf að fá endanlegt samþykki frá formanni og stjórnarmeðlimum. Eftir það skodast hún samþykkt og skal sendast út og birtast á vef stofnunarinnar. Fundargerðin skal undirrituð á næsta stjórnarfund. Undirritaðar fundargerðir skal geyma í trausti geymslu á skrifstofum Austurbrúar.

Trúnaðarmál skal færa í sérstaka trúnaðarmálabók sem stjórn skal halda.

Samþykktar fundargerðir stjórnar Austurbrúar skal senda rafrænt til aðal- og varamanna í stjórn, fagraðs og formanns starfsháttanefndar. Þær skulu einnig birtar á vef stofnunarinnar innan þriggja daga frá því stjórnarfundur er haldinn og tilkynning um það send til stofnaðila og annarra sem ástæða þykir til.



Um vanhæfi

Um vanhæfi stjórnarmanna fer samkvæmt lögum um sjálfseignarstofnanir, nr. 33/1999, en jafnframt skal höfð hlöðsjón af reglum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Almennit gildir eftirfarandi:

Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri má ekki taka þátt í meðferð máls um samningsgerð milli stofnunarinnar og þeirra, um málshöfðun gegn þeim eða um samningsgerð milli stofnunarinnar og þriðja manns eða málshöfðun gegn þriðja manni ef þeir hafa þar verulegra hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni stofnunarinnar. Skylt er stjórnarmanni og framkvæmdastjóra að upplýsa um slík atvik.

Stjórnarmanni ber að vika sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennit má ætla að afstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Stjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum stofnunarinnar eða ákveða þöknun fyrir slík störf.

Stjórnarmaður sem veit hæfi sitt orka tvímælis skal vekja athygli stjórnar á því. Stjórnarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni.

Stjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver stjórnarmaður sé vanhæfur. Stjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í ákvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Stjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundaral við meðferð þess og afgreiðslu.

Árlegt árangursmat

Stjórnin skal árlega meta störf sín, verklag og starfs hætti, svo og frammistöðu framkvæmdastjóra og annarra daglegra stjórnenda og þróun stofnunarinnar.

Árlegu árangursmati er ætlað að bæta vinnubrögð og auka skilvirkni stjórnarinnar og felur matið m. a. í sér að stjórnin leggi mat á styrkleika og veikleika í störfum sínum og hugi að þeim þáttum sem stjórnin telur að betur megi fara í störfum sínum.

Mat þetta skal byggja á sjálfsmati en jafnframt má leita aðstoðar utanaðkomandi aðila eftir því sem við á.

Um trúnað, talsmann og tíðareglur

Stjórnarmenn eru bundnir trúnaði um umræður á stjórnarfundum stofnunarinnar og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt



skipulagskrá, samþykktum, reglum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Formaður er talsmaður stjórnar um þau mál sem afgreidd eru af stjórn. Eftir að ákvörðun hefur verið tekin á stjórnarfundum um tiltekin mál er það formaður sem kemur fram fyrir hönd stjórnar komi til opinberar unnræðu um þau.

Stjórnarmenn skulu jafnframt fylgja siðareglum stofnunarinnar ásamt öðrum reglum sem við kunna að eiga.

Breytingar á starfsreglum stjórnar

Breytingar á verklagsreglum þessum skulu gerðar með samþykki meirihluta stjórnar, að fenginni umsögn starfsháttanefndar Austurbrúar ses.

Frumrit verklagsreglna þessara, með áorðnum breytingum ef við á, skulu undirritaðar af stjórnarmönnum og varðveittar í fundargerðabók stofnunarinnar. Nýir stjórnarmenn skulu, þegar þeir taka sæti í stjórn, kynna sér starfsreglurnar og undirrita yfirlýsingu þar um. Skal það koma fram í fundargerð viðkomandi fundar.

Stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra og endurskoðendum félagsins skal afhent eintak af verklagsreglum og samþykktum stofnunarinnar sem í gildi eru á hverjum tíma.

Samþykkt á stjórnarfundum Austurbrúar 13. apríl 2016

Enginn tók til máls um innri reglurnar. Þær voru því næst bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

6. Næst á dagskrá fundarins voru kosningar.

A. Kjör stjórnar

Fundarstjóri gaf SBG orðið undir A-lið, hann kynnti tillögur um fulltrúa í stjórn Austurbrúar ses. í samræmi við nýsamþykktu skipulagskrá. Nýrri stjórn var fagnað með lófaklappi.



Af vettvangi sveitarstjórnarmála

- Jón Björn Hákonarson, forseti bæjarstjórnar í Fjarðabyggð
- Sigrún Blöndal, bæjarfulltrúi á Fljótsdalsþénaði og form. SSA
- Margrét Guðjónsdóttir, bæjarfulltrúi á Seyðisfirði
- *varamaður*: Gauti Jóhannesson, sveitarstjóri á Djúpavogi

Af vettvangi atvinnulífs, menningar og menntunar

- Sveinn Jónsson, verkfræðingur hjá Mannvit
- Sæunn Stefánsdóttir, viðskiptafr. og forstöðum. Stofnunar rannsóknarsetra HÍ
- *varamaður*: Adolf Guðmundsson, lögfræðingur og fyrrum frkvstj. Gullbergs ehf.

B. Kjör endurskoðenda.

JÁÞ greindi frá tillögu stjórnar Austurbrúar um að KPMG verði falið að sinna endurskoðun reikninga. Samþykkt með lófaklappi.

C. Kjör starfsháttanefndar.

SBG kynnti tillögu starfsháttanefndar um að nefndina skipi Ásdís Helga Bjarnadóttir, Skúli Björn Gunnarsson og Valdimar Ö. Hermannsson. Samþykkt með lófaklappi.

D. Kjör siðanefndar.

SBG kynnti tillögu starfsháttarnefndar um að siðanefnd skipi Aðalheiður Árnadóttir, Gunnlaugur Sverrisson og Sigríður Rún Tryggvadóttir. Samþykkt með lófaklappi.

7. Fundarstjóri kynnti næsta dagskrárlið: Ákvörðun um þóknun stjórnar. SBG kynnti tillögu starfsháttarnefndar um að laun fyrir stjórnarsetu í Austurbrú verði 22.500 kr. fyrir hverja fundarsetu nefndarmanns og 45.000 kr. til formanns stjórnar. Samþykkt með lófaklappi.

Starfsháttanefnd leggur til að laun fyrir stjórnarsetu í Austurbrú verði 22.500 kr. fyrir hverja fundarsetu nefndarmanns og 45.000 kr. til formanns stjórnar.

Samþykkt í starfsháttanefnd 11. maí 2016

8. Þá var komið að dagskrárliðnum **Önnur mál**. Jón Björn Hákonarson þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra og starfsfólki fyrir góð störf og vonaðist til þess að ársreikningurinn nú benti til þess að viðsnúningur í rekstri væri að náðst. Sömuleiðis þakkaði JBH starfsháttanefnd vel unnin störf og bauð nýja nefndarmenn velkomna til starfa. **Sveinn Jónsson** þakkaði fráfarandi stjórn kærlega fyrir samstarfið á liðnu ári. Heilmikil



vegferð væri fyrir höndum, starf Austurbrúar væri afskaplega mikilvægt fyrir þróun samfélags hér eystra. Hann sagðist hafa haft áhyggjur af því hver framtíð starfs á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar ef það rynni undir Austurbrú. Þær áhyggjur endurspegluðust í þeirri ákvörðun hans að greiða atkvæði gegn því að sveitarfélögin fengju meirihluta í stjórn, brýnt væri að ná atvinnulífinu betur að borði Austurbrúar. Mikið verk væri að vinna, undanfarin ár hefur verið háð mikil barátta fyrir Austurland án þess að þess sjái stað m.a. í mannfjöldapróun. Þetta þarf að greina og snúa vörn í sókn, unga fólk þið verði að geta snúið aftur heim til fjölbreyttra starfa. **Sigrún Blöndal** taldi brýnt að hverfa frá því að stilla annars vegar atvinnulífinu og hins vegar sveitarfélögunum upp sem andstæðum. Undirbygging innviða samfélagsins væru til þess hugsuð að hlúa að gróskumiklu atvinnulífi. Meirihluti sveitarfélaga í stjórn Austurbrúar snýst um stuðning við stofnunina, m.a. í krafti pólitískra tengsla, þannig að atvinnulífið sjái sér hag í því að koma að starfsemi stofnunarinnar.

Fundarstjóri þakkaði fyrir góðan fund og bað fráfarandi formann stjórnar Austurbrúar um að slíta fundinum. Það gerði GJ eftir að hafa ítrekað að Austurbrú væri ekkert annað en samstaða og eining. Brýnt væri að hafa alla þætti vel undir í starfseminni. Hann þakkaði kærlega fyrir málefnalegan og góðan fund.

Fundi var slitið kl. 17.01.

